

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 30. maí 2011

Tilvísun: 201105-0049/0.03.02

Umsögn um frumvarp til laga um ökutækjatriyggingar, þskj. 1230-711.

Vísað er til beiðni yðar um umsögn um ofangreint frumvarp til laga um ökutækjatriyggingar sem barst í tölvupósti, dags. 11. maí 2011.

Skv. 1. gr. frumvarps til laga um ökutækjatriyggingar þá er markmið frumvarpsins að auka umferðaröryggi með því að tryggja að ökutæki séu ábyrgðartryggð og að ökumaður sé slysatryggður. Skv. 3. gr. frumvarpsins þá er ökutæki skilgreint semhvert það vélknúna tæki sem ætlað er til aksturs á landi og eingöngu er knúið áfram af aflvél...". *Ætla verður að ef frumvarpið verður að lögum þá muni vátryggingarskylda ná til þeirra vinnuvéla sem notaðar eru til aksturs á vegum í almennri umferð. Skv. upplýsingum frá vinnuvéladeild Vinnueftirlits ríkisins munu um 3000 vinnuvélar verða vátryggingarskyldar ef frumvarpið verður að lögum, en það er nýmæli.* Aðallega mun vera um að ræða ýmiskonar gröfur, hjólaskóflur, veghefla og valtara auk annarra vinnuvéla. Þessar vélar eru að langmestu leyti í notkun á vinnustöðum, en fara í almennra umferð þegar þær eru fluttar milli vinnustaða.

Skv. 25. gr. frumvarpsins er Umferðarstofu ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd laga um ökutækjatriyggingar. Ekki verður séð að Umferðarstofa muni geta sinnt hlutverki sínu að fullu þar sem stofnunin hefur ekki umsjá með skráningu og skoðun vinnuvéla. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum nr. 388/1989 um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla þá ber Vinnueftirliti ríkisins að skrá og skoða vinnuvélar. Við skráningu vinnuvéla hjá Vinnueftirlitinu þá er sett sérstakt skráningarmerki á vélina og er haldið utan um alla stjórnslu með skráningu og skoðun þeirra með miðlægri skrá yfir vinnuvélar (svokallaðri vinnuvélaskrá) þar sem auðveldlega væri hægt að birta upplýsingar um það hvort tiltekin vinnuvél sé vátryggð. Einnig skal þess getið að unnið er að því að lögreglan fái rafrænan aðgang að skránni. Af framangreindum ástæðum verður ekki séð hvernig hægt verði að hafa eftirlit með því að vinnuvél sé ábyrgðartryggð og ökumaður hennar slysatryggður ef Vinnueftirliti ríkisins er ekki falið að hafa eftirlit með framkvæmd laga um ökutækjatriyggingar hvað varðar vinnuvélar.

Til þess að tryggja að vinnuvélar sem notaðar eru til aksturs á vegum verði vátryggðar skv. frumvarpi til laga um ökutækjatriyggingar þá leggur Vinnueftirlit ríkisins til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Á eftir 2. málslið 1. mgr. 3. gr. lagnanna kemur nýr málsliður: Vinnuvél sem notuð er til aksturs á vegum telst einnig ökutæki.

Á eftir orðinu „Umferðarstofu“ í 2. málslið 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: eða Vinnueftirliti ríkisins eftir atvikum.

Á eftir orðinu „Umferðarstofu“ í 3. málslið 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: eða Vinnueftirliti ríkisins eftir atvikum.

Á eftir orðinu „Umferðarstofu“ í 1. málslið 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: eða Vinnueftirliti ríkisins.

Á eftir orðinu „Umferðarstofa“ í 1. málslið 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: eða Vinnueftirlit ríkisins eftir atvikum.

Á eftir orðinu „Umferðarstofu“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: eða Vinnueftirliti ríkisins eftir atvikum.

Á eftir orðinu „Umferðarstofu“ í 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: eða Vinnueftirliti ríkisins.

Á eftir orðinu „ökutækis“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: sem jafnframt er ekki vinnuvél.

Á eftir orðinu „Umferðarstofu“ í d. lið 24. gr. laganna kemur: eða Vinnueftirliti ríkisins.


Á eftir orðinu „Umferðarstofa“ í 25. gr. laganna kemur: og Vinnueftirliti ríkisins.


2. málsliður 25. gr. laganna fellur brott og í staðinn kemur nýr málsliður: Um heimildir þeirra fer samkvæmt ákvæðum laga þessara, umferðarlaga og laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Að lokum er lagt til að athugasemdum við lagafrumvarpið verði breytt til samræmis við ofangreindar breytingar á frumvarpinu.

Að öðru leyti gerir Vinnueftirlit ríkisins engar athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Virðingarfyllst
f.h. Vinnueftirlitsins


Eyjólfur Sæmundsson
forstjóri


Björn Þór Rögnvaldsson
lögfræðingur